



## SAGE-verkefnið: PRUFUKENNSLA

*Prufukennslu er lokið í Tékklandi, Slóveníu, á Ítalíu, Grikklandi og Íslandi*

### PRUFUKENNSLU LOKIÐ

Nú er prufukennslu í SAGE-verkefninu lokið í aðildarríkjum verkefnisins. Kjarna Erasmus+ verkefninu hefur því verið náð og mikilvægustu þæpin hafa verið stigin með góðum árangri. Samstarfsaðilar verkefnisins prufukenndu einn námsþátt hver þannig að alls voru kenndar 144 klukkustundir í verkefninu frá haustinu 2021 og fram á vor 2022. Covid-ástandið hafði þó nokkur áhrif sem olli því að sums staðar var kennt í fjarkennslu en annars staðar tókst að kenna í staðkennslu. Fjarkennslan gerði þátttakendum víðar að en ella að sækja námskeiðin. Nálægt 150 eldri borgarar luku námskeiðunum í Tékklandi, Slóveníu, Grikklandi, á Ítalíu, og Íslandi með þeim árangri að lífsfærni þátttakenda, sjálfstæði og vellíðan jókst. Aðalmarkmið verkefnisins náðust!

Þegar prufukennslan í hverju landi fyrir sig er skoðuð sést hugmyndafræði verkefnisins og námskeiðanna vel. Í Slóveníu var **Heilsuhlutinn** prófaður með 10 þátttakendum í staðnámi. Kennslustundirnar gengu mjög vel og andrúmsloftið var afslappað. Á Íslandi var mestur áhugi á námskeiðunum því þar voru alls 93 þátttakendur í námshlutanum **Hreyfing og næring** sem haldin voru í Borgarnesi og á Akranesi. Í Grikklandi var námshlutinn **Andleg heilsa** prufukenndur í fjarkennslu þar sem 16 þátttakendur voru skráðir, en þeir gáfu mjög góðar umsagnir um námskeiðin. Á Ítalíu var námshlutinn **Heimilislíf** kenndur í fjarkennslu þar sem 14 þátttakendur skráðu sig í fjarnám. Þar var unnið í samstarfi við U3A, Háskóla þriðja æviskeiðsins sem útvegaði þrjá leiðbeinendur. Námshlutinn **Líf í samfélagi** var loks kenndur á tveimur öldrunarstofnunum í Prag þar sem viðbrögð voru einnig afar jákvæð.

### RADDIR ÞÁTTTAKENDA

Afrakstur námskeiðanna var afar góður. Með orðum þátttakenda:



„Á þriðja æviskeiðinu er mjög mikilvægt að öðlast nýja þekkingu og færni sem auðga lífið og á sama tíma að stækka tengslanetið. Ég lærði allnokkrar nýjar aðferðir til að þjálfa minnið og tileinka mér nýjar upplýsingar“ (Slóvenía).

„Ég var mjög ánægður með það sem ég lærði í námskeiðinu þar sem ég gat talað við fólk á mínum aldri um viðfangsefnið og vegna faraldursins og útgöngubannsins þurftum við sérstaklega á því að halda“ (Grikkland).

„Á sumum sviðum er hegðun mín að breytast. Ég hef nú þegar talað um það á jákvæðan hátt við vini mína sem trúðu því ekki að tækifæri væri til þess“ (Ítalía).

## NÁMSÞÆTTIRNIR Í HVERJU LANDI



- 1- HEILSA (30 stundir) LUC annaðist kennsluna í Slóveníu
- 2- HREYFING OG NÆRING (24 stundir) Fjölmennt annaðist kennsluna á Íslandi
- 3- ANDLEG HEILSA (30 stundir) KMOP annaðist kennsluna í Grikklandi
- 4- HEIMILISLÍF (30 stundir) PLIS annaðist kennsluna á Ítalíu
- 5- LÍF Í SAMFÉLAGI (30 stundir) ACZ annaðist kennsluna í Tékklandi

## LOKARÁÐSTEFNAN Í AÞENU



Farið verður yfir helstu niðurstöður og efnisþætti verkefnisins á lokaráðstefnunni í Aþenu þann 12. maí næstkomandi. Á meðal afurða verkefnisins eru myndbandsskýrslur um prufukennsluna í hverju landi fyrir sig sem verða sýndar og fjallað verður um þá reynslu sem hlotist hefur af verkefninu, námsþáttunum og fjarkennslunni. Afurðirnar verða einnig í boði á vefsíðu verkefnisins.

**Nokkrar myndir úr prufukennslunni**



Hafið samband: [sage@kmop.eu](mailto:sage@kmop.eu)



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

The European Commission's support of the production of this newsletter does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.